



SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á VESTURLANDI

Skrifstofa Alþingis –

nefndasvið b.t. fjárlaganefndar

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Borgarnesi 13.10 2023

Efni; Umsögn Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV) um frumvarp til fjárlaga 2024, 1 mál á 154 löggjafarþingi.

Inngangur

Í þessari umsögn SSV um fjárlög 2024 er farið yfir helstu þætti í frumvarpinu sem hafa áhrif á stöðu mála hjá sveitarfélögum og opinberum stofnunum á Vesturlandi. Í umsögninni er stuðst við ályktanir Haustþings SSV sem fór fram 4. október s.l.

Samgöngur

Frá árinu 2004 hafa Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi með reglubundnum hætti lagt kannanir fyrir íbúa um viðhorf þeirra til ýmissa búsetuþátta í landshlutanum. Þar má glöggst sjá að íbúarnir verða sífellt óánægðari með vegakerfið. Á sama tíma er ljóst að vegakerfið skiptir miklu máli varðandi byggðapróun á svæðinu og í könnun meðal fyrirtækja á Vesturlandi sem KPMG vann árið 2019 kemur fram að vegakerfið muni hafa mest áhrif á hvernig atvinnulíf á Vesturlandi þróist næstu 20 árin.

Sveitarfélögin á Vesturlandi hafa komið sér saman um forgangsöröðun í vegamálum og birtist hún í samgöngu- og innviðaáætlun Vesturlands sem sveitarfélögin samþykktu árið 2021. Lengd vegakerfisins á Vesturlandi er um 1850 km sem er um 14% alls vegakerfis landsins í lengdarmetrum talið. Mjög hátt hlutfall vega eru ennþá malarvegir og hlutfall þeirra á Vesturlandi mjög hátt og langt yfir landsmeðaltali. Undanfarin 11 ár voru fjárveitingar til vegaframkvæmda við stofnvegi á Vesturlandi aðeins 4,2 milljarðar, sem er að meðaltali um 382 milljónir á ári. Þessar fjárveitingar dugðu engan vegin til brýnustu uppbyggingar vegakerfisins í landshlutanum á þessu tímabili.

Ástandi vega á Vesturlandi hefur því hrakað mjög mikið undanfarin ár, á sama tíma og umferð um landshlutann hefur aukist mjög mikið og þyngst. Umferð ferðafólks eykst stöðugt um

landshlutann í takt við aukin fjölda gesta sem kemur til landsins, og fiskflutningar eru einnig að aukast mikið, bæði með sjávarfang og lax úr sjóeldi sem keyrt er um Vesturland. Vegakerfið á Vesturlandi er því víða orðið svo lélegt að það er beinlínis hættulegt og annarsstaðar er það til mikilla ama og óþæginda bæði fyrir íbúa og þá sem eiga leið um og nota vegakerfið.

Sveitarfélögin á Vesturlandi krefjast þess að auknu fjármagni verði veitt til vegamála, ef ekki er hægt að verða við þeirri kröfu er ljóst að nauðsynlegt er að endurskoða skiptingu fjárveitinga á milli landshluta.

Í nýrri aðgerðaráætlun Samgönguáætlunar fyrir árin 2024-2028 eru áætlaðar fjárveitingar sem nema 44,4 milljörðum til uppbyggingar og viðhalds stofnvega og einstaka tengivega á landsbyggðunum, þ.e. utan höfuðborgarsvæðisins og Reykjaness. Af þessum 44,4 milljörðum er áætlað að 700 milljónir séu settar í framkvæmdir á Vesturlandi eða 1,6% af áætlaðri fjárveitingu til stofnvega á árunum 2024-2028.

Mikil þörf er því á að auka fjárveitingar til vegamála á Vesturlandi, hvort sem er til viðhalds, endurbóta eða til uppbyggingar stofn- og tengivega. Auk þess þarf að auka þjónustu á vegum, ekki síst yfir vetrartímam til að efla öryggi vegakerfisins á Vesturlandi.

Orkumál og fjarskipti

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi taka undir áherslur ríkisstjórnarinnar um kolefnishlutleysi og full orkuskipti fyrir árið 2040 og að dregið verði úr notkun jarðefnaeldsneytis með orkuskiptum. Því er mikilvægt að styðja við rannsóknir og uppbyggingu vetnis- og rafeldsneytisframleiðslu sem einn af næstu áföngum í innlendum orkuskiptum og í þessu samhengi má benda á mikilvægi verkefna sem verið er að vinna á Grundartanga um nýtingu glatvarma og framleiðslu rafeldsneytis. Á Vesturlandi er mjög brýn þörf á því að auka afhendingaröryggi rafmagns, en víða eru löngu úreltar loftlínur sem leggja þarf í jörð og hraða þarf þrífösun á rafmagni eins og kostur er. Þá skiptir það íbúa á Vesturlandi miklu máli að jafna frekar dreifkostnað á rafmagni og auka niðurgreiðslur rafmagns á köldum svæðum. Mikilvægt er að ríkið verji fjármunum til þessara verkefna.

Háhraða nettengingar eru einn mikilvægasti hlekkurinn í viðskiptaháttum nútímans og hluti af grunngerð samfélagsins. Þær eru ein af meginforsendum ákvörðunar um búsetu og úrslitaatriði um þróun byggðar. Samkeppnishæfni svæða og íbúabyggða má því, ásamt annarri grunngerð, mæla út frá ástandi fjarskipta. Mikilvægt er að sami árangur náist í ljósleiðaravæðingu á minni þéttbýlisstöðum og við ljósleiðaravæðingu í dreifbýli sem hefur heppnast afar vel. Stjórnvöld þurfa að skapa þau skilyrði, að ljósleiðaravæðing á minni þéttbýlisstöðum gangi hraðar fyrir sig.

Málefni fatlaðra

Á Haustþingi SSV í ár kom glöggt fram að sveitarstjórnarfolk hefur þungar áhyggjur af fjárvöntun á rekstri þjónustu við fatlað fólk og stöðu sveitarfélaganna eftir að ábyrgð málaflokksins færðist á þau frá ríkinu fyrir rúmum áratug. Lögbundið framlag til sveitarfélaganna og fjárframlög Jöfnunarsjóðs standa engan veginn undir rekstri málaflokksins og hefur svo verið um nokkurra ára skeið. Það er ljóst að með nýjum lögum um málefni fatlaðra sem tóku gildi 2018 jókst kostnaður við málaflokkinn verulega. Greining starfshóps ráðherra á kostnaðarþróun á þjónustu

við fatlað fólk árin 2018-2020 leiðir í ljós að rekstrarniðurstaða sveitarfélaga landsins vegna málaflokksins var neikvæð frá 2018 og jókst ár frá ári. Þrátt fyrir hækkun fjárveitinga sem kom til framkvæmda á síðasta ári þá dugðu þær skammt. Brýnt er að grípa til aðgerða og stöðva þennan hallarekstur. Það er nauðsynlegt að alþingi tryggji sveitarfélögunum aukið fjármagn til að standa undir þjónustu við fatlað fólk og stöðva þar með langvarandi hallarekstur í málaflöknum

Heilbrigðis- og öldrunarþjónusta

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi áréttu mikilvægi þess að tryggja fjárveitingar til heilbrigðisþjónustu og efla hana frekar. Rétt er að benda á þau tækifæri sem felast í því að byggja upp sérhæfða þjónustu á sjúkrahúsum utan höfuðborgarinnar, en góð reynsla af bakdeild á sjúkrahúsinu í Stykkishólmi og nýlegri deild fyrir liðskiptaaðgerðir á Akranesi sýna þetta. Brýnt er efla frekar þjónustu heilsugæslustöðva, en þær gegna mjög mikilvægu hlutverki í öllum byggðarlögum. Þær þurfa að vera vel í stakk búna til að mæta þörfum íbúa svæðisins á hverjum tíma, auk þess að sinna stórauðnum fjölda ferðafólks og sumarhúsafólks sem sækir Vesturland heim og þarf á heilbrigðis- og slysaþjónustu að halda. Nauðsynlegt er að skapa heilsugæslustöðvunum þá umgjörð að hægt sé að tryggja stöðugleika og samfellu í viðveru lækna og annars menntaðs heilbrigðisstarfsfólks alla daga á heilsugæslustöðvum umdæmisins.

Á Vesturlandi eru rekin sjö hjúkrunar- og dvalarheimili; í Ólafsvík, Grundarfirði, Stykkishólmi, Búðardal, Borgarnesi og á Akranesi. Síðan er heimili á Fellsenda í Dalabyggð sem er sérstakt heimili fyrir eldra fólk sem glímir við heilabilun. Rekstur þessara heimila hefur gengið misjafnlega og hjá sumum þeirra var langvarandi hallarekstur. Þær breytingar sem gerðar voru á framlögum til hjúkrunarheimila, í kjölfar “Gylfaskýrslunar” svokölluðu, árið 2021 og áfram í fjárlögum 2022 voru mjög jákvæð skref í þá átt að framlög ríkisins standi undir rekstri hjúkrunarheimila. Mikilvægt er að halda áfram á þessari braut og hækka framlög til reksturs hjúkrunar- og dvalarheimila og ekki síst húsnaðisframlagið

Löggæsla

Fjölgun íbúa á suðursvæði Vesturlands, dulin búseta vegna fjölda sumarhúsa og stórauðin fjöldi ferðamanna kallar á aukna löggæslu á starfssvæðinu. Aukin umferð kallar jafnframt á aukna löggæslu á vegum úti og fjárveitingar þurfa að taka mið af þessu. Mikilvægt er að hækka fjárveitingar til löggæslu á Vesturlandi svo mögulegt sé að halda úti viðunandi fjölda lögreglufólks á vakt á hverjum tíma, tryggja öryggi lögreglunnar, íbúa og gesta landshlutans. Þá er mikilvægt að veita fjármagni til að bæta húsnaði lögreglunnar á Vesturlandi og þá sérstaklega í Búðardal og Borgarnesi.

Lögreglustjórinn á Vesturlandi hefur haft umsjón með úrvinnslu og afgreiðslu gagna úr löggæslumyndavélum á landinu. Myndavélum hefur fjölgað umtalsvert á liðnum árum og ljóst er að aukið fjármagn þarf að koma frá ríkisvaldinu svo embættið geti sinnt þessu hlutverki sínu og að viðunandi lausn sé fundin á því máli hið fyrsta.

Ferðapjónusta

Fyrirhugaður niðurskurður til ferða- og markaðsmála grefur undan því mikilvæga markmiði að gera ferðapjónustu að undirstöðuáttvinnugrein á landsbyggðunum. Þá er augljóst að það mun draga úr þrótti við að byggja upp áfangastaði víða um land og dreifa þannig álagi af ferðamönnum. Á sama tíma og álögur á greinina eru auknar er lagt til í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2024 að draga úr bæði framlögum til Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða og til reksturs áfangastaðastofa.

Byggðamál

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi eru samstíga öðrum landshlutasamtökum um mikilvægi þess að hækka framlög til sóknaráætlana landshlutanna sem og til atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni. Í fjárlögum er gert ráð fyrir að framlög til Sóknaráætlana landshluta lækki sem er óviðunandi, enda hafa sóknaráætlanir sannað sig sem öflugt verkfæri til byggðapróunar. SSV telur að sóknaráætlanir landshlutanna hafa sjaldan verið mikilvægari en einmitt nú. Mikilvægt er að framlög til sóknaráætlana verði aukin líkt og gert var árið 2023, en sú viðbót kom sér vel fyrir sveitarfélögin á Vesturlandi.

Byggðastofnun er með samninga við landshlutasamtökin um að þau sinni atvinnuráðgjöf og byggðapróun í sínum landshlutum. Fjárframlög til stofnunarinnar vegna samningsins fylgdu ekki verðlags- og launaþróun undanfarin ár. Á sama tíma jókst eftirspurn eftir aðstoð ráðgjafa til að sinna stuðningi við nýsköpun, ýmis konar handleiðslu og aðstoð við að sækja í sjóði. Eftirspurnin jókst t.a.m. eftir að NMÍ var lögð niður og með fjölgun sjóða sem í boði eru, svo sem Lóu og Matvælasjóð. Því samþykkti alþingi að hækka fjárveitingar til Byggðastofnunar á fjárlögum 2023 til þess að stofnunin gæti stutt enn frekar við atvinnuráðgjöf landshlutasamtakanna. Því er með öllu ótækt að sú leiðrétting sem fékkst á þessu ári sé dregin til baka í tillögu að fjárlögum.

Gerð er krafa um að tillögur frumvarpsins um lækkun framlaga til Sóknaráætlana landshluta um 120 m.kr og framlög til Byggðastofnunar vegna atvinnuráðgjafar um 40 m.kr. verði dregnar til baka og hækkaðar til samræmis við verðlagsþróun.

Virðingarfyllt

f.h. stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi



Páll S. Brynjarsson framkvæmdastjóri